

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar hefur gert tillögu um, að frumvarp þetta verði samþykkt án breytinga. Hins vegar telur undirritaður ótímabært og undirbúning skorta til þeirrar lögfestingar um fjölgun menntaskóla, sem frv. gerir ráð fyrir.

Þegar barna- og unglingafræðslu lýkur, er á það að líta, að hverri menntagrein sniðist sem best stakkur eftir vexti, fræðslan aukin og örvuð þar, sem deyfð og vanþekking hamlar nauðsynlegu starfi fullorðinsáranna, en varúðar aftur gætt um hvatningu til fleiri en hóflega margra, þar sem framtíðarstarfið er þrengri takmörkuð um háð um fjölda sérmenntaðra manna til fullnægingar starfsgreininni.

Að visu er stúdentspróf ekki lokatakmark á vegi menntunarinnar, heldur óhjákvæmilegur spölur á námsleið þeirra, er sérfræðinám ætla sér á háskólum og annars staðar þar, sem gagnfræðamenntun nægir ekki til undirbúnings sérmenntunar. — Eigi verður því neitað, að greinum hinnar æðri menntunar fjölgar með ári hverju og að sú þróun, sem á sér stað hér á landi, krefst nú miklu fleiri háskólalærðra manna en áður var, en hins vegar verður ekki betur séð en að stúdentaviðkoman nú árlega nægi fyllilega, svo að hér skorti ekki á. Sé verulega umfram fullnægingu þessarar þarfar, verður stúdentamenntunin ofeyðsla á dýrmætum starfstíma nemandans, þótt alltaf megi segja þá menntun góða, sem eykur þekkingu og skýrir áttirnar.

Það er því ekki fjölgun menntaskóla, sem mestu máli skiptir nú, heldur hitt, að þeir menntaskólar, sem þegar eru reistir, vandi sem best starf sitt, að hlúð sé að þeim og þeir skili þeim stúdentafjölda, er útskrifast árlega, vel úr fóðrunum.

Hér skal það tekið fram, að mikla nauðsyn ber til, að flýtt verði að reisa og auka heimavistarhús við þá menntaskóla, sem nú eru, einkum með hliðsjón til þess, að fátækum nemendum, er heima eiga utan skólabæjanna, verði gert kleift að ná settu takmarki. Fyrir þá, sem hafa fjárhagslega erfiða aðstöðu, gæti slíkt, ef vel er á haldið, orðið notadrýgra en fjölgun skólanna, svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Þegar þessi mál eru rædd, má ekki gleyma því, að stærstu bæirnir, þar sem menntaskólarnir eru nú (Reykjavík og Akureyri), hafa allt aðra og betri aðstöðu til góðrar kennslu en smærri skólar, dreifðir um landsbyggðina, ættu kost á. Í Reykjavík t. d. þyrfti eigi að vera skortur á úrvalskennaraliði, þar eru söfnin og fleiri slík hjálpargögn fyrir hendi, og fleira mætti í því sambandi benda á, er að gagni má verða námsmanninum, en lítt föng á annars staðar.

Þrátt fyrir það, er hér hefur verið bent á því til stuðnings, að fjölgun menntaskóla samkvæmt frv. sé ótímabær, skal það tekið fram, að þegar nauðsynlegur undirbúningur og önnur aðstaða beinir að því, að fjölga skuli skólum þessum, ætti slíkur menntaskóli að verða reistur í sveit. Hefur því fyrr verið hreyft á Alþingi, að svo verði gert, og frumvarp það, er hér liggur fyrir, ætlar tveim hinna þriggja nýju menntaskóla stað í sveit. En þá yrði líka að vanda til alls, svo að andrúmsloft sveitanna kæmist þar að og nyti sin. Slíkur menntaskóli mætti ekki verða í neinni þeirri hvirfingu, er kynni á leiðinlegan hátt að minna á það, er raskar rónni í stórbæjunum. Á skólasetur þau í sveit, sem frv. tilnefnir, skal hér enginn dómur lagður, hvort vel sé valið eða eigi. Hitt skal fullyrt, að þessar staðarákvarðanir frv. séu hvatlegar ákvarðanir, því að um ýmsa aðra hagkvæma staði mætti ræða. Er flutningur frv. einnig að þessu leyti án nægilegs undirbúnings og rannsóknar. Mál þetta verðskuldar gaumgæfilegan undirbúning og athugun, því að í sveit ætti að reisa næsta menntaskóla, svo sem hér hefur verið dregið á, en þá fyrst er ástæða þykir til að fjölga skólum þessum.

Það er ástæðulaust að ræða hér, hvern kostnað það mundi hafa í för með sér að fjölga skólunum samkv. frv., þar sem með álit þessu er gert ráð fyrir, að málinu verði frestað fyrst um sinn, og auk þess á það að líta, að allar slíkar kostnaðaráætlanir reynast harla ótraustar nú á tímum, og jafnframt mundu tölur, er þar kæmu fram, verða til aukins ágreinings milli þeirra, sem sjaldnast hika, hvað sem fjárhæðunum líður, og svo hinna, er fá svima við að reikna slík dæmi.

Samkvæmt framanskráðu er hér lagt til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlynni sem best að þeim menntaskólum, sem nú eru í landinu, svo sem með því, að gerðar verði heimavistir fyrir fátæka utanbæjar-nemendur, og taki jafnframt til athugunar, hvar hentast mundi síðar að reisa menntaskóla í sveit, ef skólum þessum yrði fjölgað, sem eigi þykir ástæða til að svo komnu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. des. 1948.

Eiríkur Einarsson.